



Skýringamynd af Sýslumannstúninu, mkv. 1:500 í A3



Skýringamynd af nærsvæði við Austurveg, mkv. 1:500 í A3

SÝSLUMANNSTÚNIÐ OG NÆRSVÆÐI VIÐ AUSTURVEG

Meðfylgjandi eru skýringamyndir af Sýslumannstúninu, sem sýnir hvernig hægt er að útbúa almenningagarð og nærsvæði við Austurveg, þar sem áhersla er lögð á afþreyingu fyrir eldri borgara. Ekki er um endanlega hönnun þessara svæða að ræða, heldur er um að ræða innlegg í umræðu um hvernig bæta má nærumhverfi Grænumarkar með þarfir eldri borgara í huga.

Innan Sýslumannstúnsins er hægt að koma fyrir púttvelli, boccia-velli, æfingataekjum, göngustíg, bekkjum og jafnvel rósabeði eða upphækkuðum beðum með fjölæringum og blómstrandi runnum. Sýslumannstúnið er vel afmarkað með háum trjám. Það þarf hins vegar að bæta úr hljóðvist innan svæðisins og er helst að gera það með lóðréttum timburveggjum eða öðru álíka. Garðinn má innrétta sem almenningagarð þó áhersla sé lögð á þarfir eldri borgara.

Nærsvæðið við Austurveg er í góðri fjarlægð við íbúðir aldraðra við Grænumörk og því ákjósanlegt fyrir æfingataeki. Huga þarf að lausnum á hljóðvist á því svæði eins og við Sýslumannstúnið. Huga þarf sérstaklega að aðgengismálum og þess gætt að engar hindranir s.s. kantsteinar og þrep séu á stígum.